

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
67. fundur haldinn á Lyngási Egilsstöðum 4. desember 2014

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson og Skúli Björn Gunnarsson. Þórhallur Þorsteinsson og Einar Kr. Haraldsson boðuðu forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar**
- 2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana**
- 3. Fréttabréf**
- 4. Samráðshlutverk svæðisráðs**
- 6. Önnur mál**

Ruth setti fund kl. 16.30. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 66. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana

Farið var yfir 5. drög að tillögu um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar fyrir Krepputungu og Kverkárrana. Þau atriði sem rædd voru á síðasta fundi svæðisráðs eru nú komin inn og búið að móta orðalag um flugumferð, flugvelli og annað sem svæðisráð gerði athugasemdir við í síðasta yfirlestri. Svæðisráð samþykkir það sem snýr að austursvæði þjóðgarðsins í áætluninni og vísar sínum hluta til stjórnar. Farið var yfir áætlun um tímaramma varðandi auglýsingaferli tillögunnar. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði staðfest af ráðherra í byrjun sumars.

3. Fréttabréf

Ragna og Agnes fóru yfir efnisdrög fyrir fréttabréf. Áhersla verður lögð á að kynna hvað var gert í sumar. Ákveðið að gefa fréttabréfið út í janúar. Það verður gefið úr rafrænt en kannað hvort hægt sé að koma því í dreifingu með Austurflugganum.

4. Samráðshlutverk svæðisráðs

Formaður ræddi um samráðshlutverk svæðisráðs og lagði til að fundað yrði fljótlega með sveitarstjórnnum til að ræða ýmis mál. Svæðisráð samþykkt því og telur einnig mikilvægt að fundað verði með Umhverfisstofnun vegna friðlýstra svæða á Austurlandi sem enn standa utan þjóðgarðs. Aðrir aðilar sem gott væri að eiga fundi með eru m.a. Landsvirkjun, Landgræðslan og Vegagerðin.

5. Önnur mál

a) Síðasti stjórnarfundur. Formaður sagði frá stjórnarfundum sem var í nóvember og því sem rætt var á honum. Stór vinnufundur þjóðgarðsins verður haldinn á austursvæði í lok janúar og gert ráð fyrir að svæðisráð fundi samhliða honum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.35.

Ruth Magnúsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Björn Ármann Ólafsson